



1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Umsókn vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Þrír nemendur sækja um að fá að taka stöðupróf í tungumálum. Vísað til kennslustjóra í viðkomandi fagi.

Einn nemandi sækir um að fá að taka stöðupróf í stærðfræði. Slík próf eru ekki í boði en umsókn vísað til kennslustjóra í stærðfræði til skoðunar og mats.

Þrjár umsóknir frá síðasta fundi um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs samþykktar.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Folkmót verður haldið í kvöld á Vífilsstaðatúni og er mikill áhugi meðal nemenda á að verða fyrsti folfmeistari FG. Búið er að leggja inn pöntun númer tvö af merktum FG peysum og gengur salan vel. FG appið alveg að verða tilbúið. Til stendur að halda FG- Flensborgardag í Mýrinni um leið og leyfi fæst. Undirbúningur stendur yfir. NFFG hélt úti hugmyndabanka og hafa ýmsar skemmtilegar hugmyndir komið fram. Stefnt er á að halda nýnemakvöld fljótlega þar sem leyfilegt er að 200 manns séu saman í rými.

3. Önnur mál

Lögð var fram tillaga að breytingu á skólasóknarreglum hvað varðar einkunn fyrir skólasókn hjá nemendum með langtímavottorð. Mun verða afgreidd á næsta fundi skólaráðs.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi

Halldóra Björg Einarsdóttir fjármálastjóri NFFG